



# UTL

ÚTLENDINGASTOFNUN  
DIRECTORATE OF IMMIGRATION

**Útlendingastofnun, Dalvegi 18, 201 Kópavogi, kt. 670269-6399 og Heilsugæsla  
höfuðborgarsvæðisins 521005-0760, Álfabakka 16, Reykjavík (hér eftir  
nefndur þjónustuaðili eða HH) gera með sér svohljóðandi  
þjónustusamning:**

**1. gr.**

**Gildissvið**

Samningur þessi tekur til heilbrigðisþjónustu við umsækjendur um alþjóðlega vernd á Íslandi.

Sameiginlega er vísað til Útlendingastofnunar (ÚTL) og þjónustuaðila sem samningsaðila. ÚTL tilnefnir tengiliði hjá sér sem þjónustuaðili hefur samband við þegar þörf er á.<sup>1</sup>

Samningurinn kveður á um hvernig heilbrigðisþjónusta við umsækjendur um alþjóðlega vernd er tryggð meðan umsókn þeirra er til meðferðar hjá íslenskum stjórnvöldum. Á samningstíma getur reynst nauðsynlegt að breyta samningi eða gera við hann viðauka þannig að dregið sé úr ákveðnum þáttum þjónustunnar eða þeir styrktir.

Um samning þennan gilda lög um útlendinga nr. 80/2016, lög um opinber fjármál nr. 123/2015, reglugerð um útlendinga nr. 540/2017 (reglugerðin), lög um heilbrigðisþjónustu nr. 40/2007 og lög um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga nr. 80/2018.

**2. gr.**

**Markmið**

Markmið samnings er að tryggja allt að 500 umsækjendum um alþjóðlega vernd þá heilbrigðisþjónustu sem þeir eiga rétt á samkvæmt lögum og reglugerðum.

**3. gr.**

**Fjármögnun verkefnis og greiðslur**

Verkefnið er fjármagnað af fjárlagalið 06-399 Umsækjendur um alþjóðlega vernd. Fjárhæðir í samningnum eru bæði með fyrirvara um ákvörðun Alþingis um fjárveitingu í fjárlögum og að stjórnvöld kunni að ákveða að gera breytingar á þeim vegna aðstæðna í ríkisfjármálum á hverjum tíma.

---

<sup>1</sup> Tengiliður vegna þjónustu er þjónustuteymi ÚTL, tengiliður vegna greiðslna er fjármálastjóri ÚTL, tengiliður vegna annarra málefna er sviðsstjóri verndarsviðs. Tengiliðir kunna að breytast á samningstíma.



# UTL

# ÚTLENDINGASTOFNUN

DIRECTORATE OF IMMIGRATION

Gert er ráð fyrir allt að 500 umsækjendum á ári og að lágmarki 450 umsækjendum á ári. Með fyrirvara um þær breytur sem fram koma í samningi þessum og viðaukum við hann er kostnaður áætlaður

- a. Árlegur heildarkostnaður er: 103.092.042,- miðað við þá þjónustu sem veita á samkvæmt ákvæðum samningsins þeim fjölda umsækjenda sem tilgreindur er í samningnum.
- b. Lágmarksfjárskuldbinding á samningstímabilinu er: 170.101.800,-  
Lágmarksskuldbinding miðast við eftirfarandi þjónustu á ársgrundvelli: fyrstu heilbrigðisskoðun fyrir 450 umsækjendur, 486 tíma í almennri heilsugæsluþjónustu og 324 tíma í sálfræðiþjónustu.
- c. Hámarksfjárskuldbinding á samningstímabilinu er: 189.002.077,-  
Hámarksskuldbinding miðast við eftirfarandi þjónustu á ársgrundvelli: fyrstu heilbrigðisskoðun fyrir 500 umsækjendur, 540 tíma í almennri heilsugæsluþjónustu og 360 tíma í sálfræðiþjónustu.

Þjónustuaðili fær greitt árlega fyrir þjónustu samkvæmt samningi þessum:

- a) Kostnað fyrir fyrstu heilbrigðisskoðun og viðtal.
- b) Fastan kostnað vegna 2,75 stöðugilda og aðstöðu vegna þjónustu samkvæmt 1. tölul. 5. gr. samningsins. Fastur kostnaður greiðist fjórum sinnum á ári, í upphafi hvers ársfjórðungs samningstímabilsins. Sjá sundurliðun á föstum kostnaði viðauka 1. Fastur kostnaður er óuppsegjanlegur fyrstu 6 mánuði samningsins.
- c) Annan kostnað vegna þjónustu skv. 2., 3. og 4. tl. 5. gr. samningsins. Sjá sundurliðun í viðauka 1.
- d) Greitt skal fyrir umsækjendur sem ekki mæta í sálfræðiviðtöl kr. 16.000,-

Breytist verðlagsforsendur meta samningsaðilar hvort endurskoða þurfi fjárhæðir samnings. Greiðslur samkvæmt samningi þessum skulu inntar af hendi ársfjórðungslega. Í bókhaldi þjónustuaðila skal að aðgreina fjárreiður verkefnisins frá öðrum bókhaldspáttum.

Mæti umsækjandi ekki í boðaða læknisskoðun eða viðtal lætur þjónustuaðili tengilið ÚTL vita svo unnt sé að boða nýjan tíma<sup>2</sup>.

Í byrjun árs skilar HH gögnum til ÚTL þar sem fram koma nöfn og fæðingardagar þeirra umsækjenda sem ekki mættu í sálfræðiviðtal sl. ár. Samhliða gögnum skal senda reikning til ÚTL vegna útlagðs kostnaðar.

---

<sup>2</sup> Tengiliðir ÚTL vegna þessa eru í þjónustuteymi ÚTL.



# ÚTL

ÚTLENDINGASTOFNUN  
DIRECTORATE OF IMMIGRATION

Ársfjórðungslega skulu fjármálastjóri HH og sviðsstjóri fjármála – og rekstrar ÚTL fara yfir fjölda umsækjenda sem fengið hafa þjónustu hjá HH og þær greiðslur sem inntar hafa verið af hendi af hálfu ÚTL. Farið er yfir fjölda umsækjenda sem nýtt hafa sér þjónustu HH síðasta ársfjórðung og metið hvort tilefni sé til breytinga á ákvæðum samningsins eins og til dæmis fjölda stöðugilda.

Sé ljóst á 3 ársfjórðungi að fjöldi umsækjenda verði á ársgrundvelli fleiri en mælt er fyrir um í samningi, það er 500 umsækjendur, boðar ÚTL til fundar þar sem farið er yfir stöðu mála og ráðstafanir gerðar til að koma í veg fyrir að hámarksskuldbing samningsins verði hærrí en tilgreint er í 3. gr. samningsins..

Þjónustuaðili skal annast framkvæmd samnings á eins skilvirkan og hagkvæman hátt og kostur er.

#### **4. gr.**

##### **Hlutverk og ábyrgð ÚTL**

ÚTL hefur eftirlit með framkvæmd þjónustuaðila á samningi þessum og nýtingu fjármuna sem greiddir eru á grundvelli samningsins.

Þjónustuteymi ÚTL sér um samskipti við HH vegna nýtingar á þjónustu og heldur skrá til hvaða aðgerða er gripið til að bregðast við ef nýting þjónustu er ekki sem skyldi.

ÚTL veitir HH eða þjónustusveitarfélagi þær persónuupplýsingar sem þarf til að HH geti sinnt ábyrgð samkvæmt samningi. Til að geta veitt umsamda þjónustu þarf HH að fá upplýsingar um nafn og fæðingardag umsækjanda. Að öðru leyti fær HH persónuupplýsingar frá umsækjanda sjálfum.

#### **5. gr.**

##### **Hlutverk og ábyrgð þjónustuaðila**

Þjónustuaðili veitir þjónustu sem mælt er fyrir um í 26. gr. reglugerðarinnar, óháð búsetu umsækjanda. HH sér um að útfæra nánar á hvaða starfsstöðvum þjónusta verður veitt með það í huga að einfalt sé fyrir umsækjendur að sækja þjónustuna. HH skal hafa samráð við ÚTL um breytingar á staðsetningu þjónustu. HH upplýsir ÚTL skriflega um hvaða starfsstöðvar sinna þjónustunni og uppfærir þær upplýsingar ef þörf er á.

Eftirfarandi þjónusta er veitt á grundvelli samningsins:



# UTL

# ÚTLENDINGASTOFNUN

DIRECTORATE OF IMMIGRATION

1. Viðtal og fyrsta heilbrigðisskoðun barna og fullorðinna stuttu eftir komu<sup>3</sup> á grundvelli verklagsreglna Göngudeildar sóttvarna, verklagsreglna þjónustuaðila og verklagsreglna barnadeildar Landspítala Háskólasjúkrahúss (LSH).
  - a. Í fyrsta viðtali og heilbrigðisskoðun er áhersla lögð á eftirfarandi atriði þó ekki sé um að ræða tæmandi talningu:
    - a) Skimun vegna smitsjúkdóma og bólusetninga.
    - b) Skimun fyrir öðrum sjúkdómum, áverkum og áfallastreituröskun.
    - c) Framkvæmd blóðprufa og bólusetninga.
2. Almenn heilbrigðisþjónusta á dagvinnutíma eftir fyrstu heilbrigðisskoðun:
  - a) Viðtal við hjúkrunarfræðing í gegnum síma til að leysa úr einfaldari brýnum erindum, mögulega með aðstoð læknis.
  - b) Viðtal við lækni samkvæmt ákvörðun hjúkrunarfræðings.
  - c) Almenn sálfræðiþjónusta
  - d) Mæðra-, ung- og smábarnavernd.
  - e) Útgáfa lyfseðla vegna lyfseðilsskyldra lyfja og endurnýjun þeirra.
3. Starfsfólk þjónustuaðila metur þörf á aðkomu annarra sérfræðinga, s.s. bæklunarlækna, skurðlækna, geðlækna og tannlækna<sup>4</sup> og útbýr tilvísun sé þörf á því. Kostnaður vegna þessarar sérfræðiþjónustu er greiddur af ÚTL samkvæmt framlögðum rafrænum reikningi stofnunar eða viðkomandi sérfræðilæknis. Við mat á þörf á aðkomu sérfræðinga skal hafa hliðsjón af leiðbeiningum um heilbrigðisþjónustu, sjá viðauka 2.
4. Útgáfa vottorða um ferðafærni vegna sjálfviljugrar heimfarar. Um útgáfu annarra vottorða vegna þvingaðrar heimfarar fer samkvæmt 2. mgr. 19. gr. laga um heilbrigðisstarfsmenn nr. 34/2012.

Þjónustuaðila er óheimilt að framselja verkefni sín samkvæmt samningi þessum til þriðja aðila nema með skriflegri heimild ÚTL.

Hvor aðili skal sjá um að svara beiðnum er þeim berast í tengslum við réttindi einstaklinga á grundvelli persónuverndar. HH ber ábyrgð á að veita umsækjanda um vernd upplýsingar um vinnslu persónuupplýsinga hjá sér

## 6. gr.

<sup>3</sup> Gert er ráð fyrir að fyrsta lækni skoðun fari fram innan 14 daga frá móttöku beiðni frá ÚTL, hvort sem um er að ræða barn eða fullorðinn einstakling.

<sup>4</sup> Tannlæknaþjónusta er aðeins veitt í undantekningartilfellum þegar það er mat læknis að aðgerð sé nauðsynleg og önnur úrræði eigi ekki við.



# ÚTL

ÚTLENDINGASTOFNUN  
DIRECTORATE OF IMMIGRATION

## **Ákvörðun um veitingu sérfræðipjónustu, trúnaðarlæknir**

Um sérfræðipjónustu er fjallað í viðauka 2. Komi upp aðstæður þar sem leiðbeiningar um heilbrigðisþjónustu eiga ekki við skal senda beiðni til ÚTL sem metur þörf á þjónustu skv. 2. mgr. 26. gr. reglugerðarinnar.

ÚTL tilkynnir þjónustuaðila hver trúnaðarlæknir stofnunarinnar er. Verði breyting á trúnaðarlækni skal ÚTL tilkynna þjónustuaðila um það eins fljótt og verða má.

### **7. gr.**

#### **Brottfall þjónustu**

Réttur umsækjanda til þjónustu fellur niður samkvæmt tilkynningu ÚTL sem send er rafrænt til þjónustuaðila.

### **8.gr.**

#### **Samstarf og samráðsvettvangur**

Samningsaðilar geta óskað eftir fundum þar sem fjallað er um einstök mál varðandi samninginn og þjónustuna.

Að öðru leyti fer eftirlit fram samkvæmt 3. -5. gr.

### **9. gr.**

#### **Persónuvernd**

Samningsaðilar skulu í störfum sínum fara eftir lögum um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga nr. 90/2018 og öðrum þagnarskylduákvæðum sem málefni umsækjanda varða svo sem lögum um heilbrigðisþjónustu.

Samningsaðilar skulu bundnir af öllum viðeigandi lagaákvæðum sem varða meðferð persónuupplýsinga og sérstaklega reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/679, frá 27. apríl 2016, um vernd einstaklinga í tengslum við meðferð persónuupplýsinga og um frjálsa miðlun slíkra upplýsinga og niðurfellingu tilskipunar 95/46/EB (almennu persónuverndarreglugerðinni) með lögum nr. 90/2018.

Samningsaðilar skulu:

1. Aðstoða hvorn annan við að framkvæmd þjónustu og sjá til þess að samskipti séu í samræmi við persónuverndarlög.
2. Einungis vinna með persónuupplýsingar í samræmi við tilgang samnings og fylgiskjala.
3. Tryggja trúnað um meðferð persónuupplýsinga sem þessi samningur tekur til í samræmi við X. kafla stjórnsýslulaga nr. 37/1993.



# UTL

# ÚTLENDINGASTOFNUN

DIRECTORATE OF IMMIGRATION

3. Tryggja að þeir starfsmenn sem hafi aðgang að persónuupplýsingum í tengslum við framkvæmd samningsins séu bundnir þagnarskyldu samkvæmt lögum.
4. Gæta þess að tölvur, tæki, forrit og þjónusta séu hönnuð með innbyggða og sjálfgefna persónuvernd að leiðarljósi.

Aðilar eru sammála um að forðast að senda viðkvæmar persónuupplýsingar í tölvupósti og nota heldur öruggar samskiptaleiðir líkt og Signet transfer. Ef aðilar þurfa að skiptast á gögnum í tölvupósti, sem innihalda viðkvæmar persónuupplýsingar, í tengslum við framkvæmd þjónustunnar, skulu aðilar gæta að því að persónuupplýsingar séu sendar með öruggum hætti t.d. í læstu viðhengi eða með dulkóðun.

Aðilar skulu tilkynna hvor öðrum með tölvupósti ef öryggisbrestur verður við meðferð persónuupplýsinga varðandi persónuupplýsingar sem samningur þessi tekur til. Skulu viðeigandi upplýsingar fylgja með eins og við á.

## **10. gr.**

### **Meðferð ágreinings, vanefndir og riftun**

Komi upp ágreiningur um framkvæmd eða túlkun samnings þessa skulu samningsaðilar leitast við að leysa slík mál sín á milli án atbeina dómstóla. Séu vanefndir samningsaðila verulegar eða ekki næst að leysa úr ágreiningi er heimilt að rifta samningnum með þriggja mánaða fyrirvara.

Mál vegna samnings þessa skal rekið fyrir héraðsdómi Reykjaness.

## **11. gr.**

### **Breytingar á samningi.**

Samningi þessum verður ekki breytt nema með skriflegu samkomulagi aðila.

Verði breytingar á gildandi lögum, reglugerðum eða fyrirkomulagi er varða þjónustu við umsækjendur skal samningur þessi og viðaukar við hann endurskoðaðir svo fljótt sem verða má. Hafi breytingarnar áhrif á kostnað þjónustuaðila verða fjárframlög samkvæmt samningnum endurskoðuð í samræmi við breyttan kostnað.

Verði breytingar á fjárframlögum samkvæmt samningi þessum á grundvelli ákvörðunar Alþingis um fjárveitingu í fjárlögum eða á grundvelli þess að stjórnvöld þurfi að gera breytingar á fjárframlögum vegna aðstæðna í ríkisfjármálum þá skal samningurinn endurskoðaður m.t.t. skerðingar á þjónustu þjónustuaðila á grundvelli skertra fjárframlaga.



# UTL

ÚTLENDINGASTOFNUN  
DIRECTORATE OF IMMIGRATION

## 12. gr.

### Gildistími og endurskoðunarákvæði

Samningur þessi gildir frá 1. janúar 2021 til 31. október 2022. Hvorum samningsaðila er heimil uppsögn með sex mánaða fyrirvara. Þremur mánuðum fyrir samningslok skal liggja fyrir úttekt á eldri samningi og hvort samið verður um framhald þjónustunnar.

Verði breytingar á gildandi lögum, reglugerðum skal samningur þessi og viðaukar við hann endurskoðaðir svo fljótt sem verða má. Hafi breytingarnar áhrif á kostnað þjónustuaðila verða fjárframlög samkvæmt samningnum endurskoðuð í samræmi við breyttan kostnað.

Choose an item.

F.h Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins

---

Staðfest f.h. dómsmálaráðuneytis

---

F.h. Útlendingastofnunar

---

Staðfest f.h. fjármálaráðuneytis

---

# Undirritunarsíða

Kristín Völundardóttir

Jónas Guðmundsson